



# Umræðuskjal

Nr. 2/2020

Drög að leiðbeinandi tilmælum um innihald  
einfaldra endurbótaáætlana

4. febrúar 2020

## **Almennar leiðbeiningar**

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 18. febrúar nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitsins), [www.fme.is](http://www.fme.is).

**Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að leiðbeinandi tilmælum.**

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@sedlabanki.is](mailto:fme@sedlabanki.is).

# Leiðbeinandi tilmæli um innihald einfaldra endurbótaáætlana

## 1. Inngangur

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hefur gefið út leiðbeinandi tilmæli um innihald einfaldra endurbótaáætlana. Í tilmælunum kemur fram hvaða lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum<sup>1</sup> er heimilt að skila einföldum endurbótaáætlunum. Í tilmælunum hafa ákvæði reglugerðar um endurbótaáætlanir lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og samstæður þeirra, nr. 50/2019, jafnframt verið aðlöguð til að skýra hvaða skyldur hvíla á lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum sem fá heimild til að skila einföldum endurbótaáætlunum.

Hlutar 5.1 – 5.12 í þessum tilmælum fjalla efnislega um sömu skyldur og lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum ber að fjalla um í endurbótaáætlunum, samkvæmt reglugerð um endurbótaáætlanir lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og samstæður þeirra, nr. 50/2019. Umræddir hlutar þessara tilmæla fela hins vegar í sér aðlögun á umræddum skyldum með tilliti til þess að tilteknar lánastofnanir og ákveðin verðbréfafyrirtæki öðlast við birtingu þessara tilmæla heimild til að skila einföldum endurbótaáætlunum. Fjármálaeftirlitið lítur svo á að skylduna til að velta upplýsingar um þau atríði sem fjallað er um í þessum tilmælum leiðir af 82. gr. a laga um fjármálaþyrtæki, nr. 161/2002, og reglugerð nr. 50/2019. Með vísan til ákvæðis 82. gr. e sömu laga, þar sem fram kemur að Fjármálaeftirlitið ákveður hvort lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki er heimilt að gera einfalda endurbótaáætlun, er í þessum leiðbeinandi tilmælum mælt fyrir um innihald slíkra einfaldra endurbótaáætlana. Tilmælin eru því sett til að skýra fyrir aðilum sem hljóta fyrrgreinda heimild, hvaða efnisatriði þarf að tilgreina í einföldum endurbótaáætlunum.

Við gerð einfaldra endurbótaáætlana þurfa lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki að taka mið af hlutfallsreglunni (e. principle of proportionality), og aðlaga kröfur samkvæmt þessum tilmælum að starfsemi viðkomandi fyrirtækis. Einföld endurbótaáætlun ætti að endurspeglar og taka mið af þáttum eins og stærð fyrirtækisins, eðlis og umfangs starfseminnar og því hversu margbætt starfsemin er.

Við mat á því hvort lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki er heimilt að skila einfaldri endurbótaáætlun styðst Fjármálaeftirlitið við viðeigandi viðmið samkvæmt settum stjórnavaldfyrirmælum hér á landi og viðeigandi viðmið innan Evrópskra efnahagssvæðisins. Við útgáfu tilmælanna hljóta allar lánastofnanir og öll verðbréfafyrirtæki sem uppfylla umrædd viðmið heimild til að skila einföldum endurbótaáætlunum, sbr. 3. hluta þessara tilmæla. Fjármálaeftirlitið mun framkvæma mat á þessum undanþágum reglulega og eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

---

<sup>1</sup> Með hugtakinu verðbréfafyrirtæki í þessum tilmælum er einungis átt við verðbréfafyrirtæki sem skylt er að viðhalda eiginfjárgrunni að fjárhæð 730 þúsund evra (EUR) í íslenskum krónum, til samræmis við 9. mgr. 14. gr. a í lögum um fjármálaþyrtæki, nr. 161/2002.

## **2. Gildissvið og skilgreiningar**

1. Þessi leiðbeinandi tilmæli taka til lánastofnana og verðbréfafyrirtækja sem Fjármálaeftirlitið hefur ákveðið að sé heimilt að skila einföldum endurbótaáætlunum, sbr. 1. mgr. 82. gr. e laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.
2. Með hugtakinu verðbréfafyrirtæki í þessum tilmælum er einungis átt við verðbréfafyrirtæki sem skylt er að viðhalda eiginfjárgrunni að fjárhæð 730 þúsund evra (EUR) í íslenskum krónum, til samræmis við 9. mgr. 14. gr. a í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Önnur hugtök í þessum tilmælum hafa sömu merkingu og í lögum um fjármálafyrirtæki og stjórnvaldsfyrirmælum settum með stoð í þeim.

## **3. Aðilar sem fá heimild til að skila einföldum endurbótaáætlunum**

3. Í 82. gr. e laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, segir að Fjármálaeftirlitið ákveði hvort lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum sé heimilt að gera einfalda endurbótaáætlun. Við mat á því hvort aðilum er heimilt að gera einfalda endurbótaáætlun er litið til þess hvort rekstrarerfiðleikar eða slitameðferð slíkra fyrirtækja muni ekki hafa í för með sér verulega neikvæð áhrif á hagkerfið, fjármálakerfið, miðlun fjármagns innan fjármálakerfisins eða aðrar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, er þeim heimilt að gera einfalda endurbótaáætlun.
4. Við mat á því hvort lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum skv. 3. tölul. er heimilt að gera einfalda endurbótaáætlun tekur Fjármálaeftirlitið einnig tillit til stjórnvaldsfyrirmæla um viðmið vegna ákvörðunar um einfalda endurbótaáætlun, svo og viðeigandi viðmiða innan Evrópskra efnahagssvæðisins<sup>2</sup>.
5. Við útgáfu þessara leiðbeinandi tilmæla öðlast allar lánastofnanir og öll verðbréfafyrirtæki sem uppfylla eigindleg og megindleg viðmið sem vísað er til í 4. tölul., heimild til að skila einföldum endurbótaáætlunum. Við útgáfu tilmælanna er um að ræða öll slík fyrirtæki, önnur en viðskiptabankar. Fjármálaeftirlitið mun, líkt og gert er ráð fyrir í þeim viðmiðum sem fjallað er um í 4. tölul., framkvæma mat á þessum undanþágum reglulega, og eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

---

<sup>2</sup> Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um hvaða aðilar fá heimild til að skila einföldum endurbótaáætlunum styðst við þau viðmið sem koma fram í reglugerð (ESB) 2019/348 varðandi tæknilega staðla um viðmið varðandi mat á áhrifum rekstrarerfiðleika eða slitameðferðar lánastofnana eða verðbréfafyrirtækja á fjármálakerfið, eða önnur lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, og fjármögnunarskilyrði.

## **4. Aðlögun á innihaldi endurbótaáætlana samkvæmt reglugerð um endurbótaáætlanir lánastofnanir og verðbréfafyrirtækja og samstæður þeirra nr. 50/2019**

6. Við mat á því hvert innihald einfaldra endurbótaáætlana á að vera styðst Fjármálaeftirlitið við skyldur varðandi endurbótaáætlanir samkvæmt reglugerð um endurbótaáætlanir lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og samstæður þeirra, nr. 50/2019. Ákvæði um innihald einfaldra endurbótaáætlana taka mið af því að starfsemi fyrirtækja sem heimild hafa til að skila slíkri áætlun, sbr. 5. tölul., er einfaldari en gengið er út frá í reglugerðinni.
7. Ákvæði II. kafla reglugerðar um endurbótaáætlanir lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og samstæður þeirra, nr. 50/2019, gilda um einfalda endurbótaáætlun með þeim aðlögunum sem kveðið er á um í 5. kafla þessara leiðbeinandi tilmæla.

## **5. Innihald einfaldra endurbótaáætlana**

### *5.1 Upplýsingar sem eiga að koma fram í einföldum endurbótaáætlunum.*

8. Einföld endurbótaáætlun skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:
  1. Samantekt lykilþátta áætlunarinnar, sbr. hluta 5.2, og samantekt yfir heildarmöguleika til endurbóta,
  2. samantekt yfir mikilvægar breytingar á lánastofnuninni eða verðbréfafyrirtækinu frá því síðasta endurbótaáætlun var lögð fram,
  3. áætlun um samskipti og upplýsingagjöf, sbr. hluta 5.11, þar sem m.a. er gerð grein fyrir því með hvaða hætti fyrirtækið hyggst bregðast við hugsanlegum neikvæðum viðbrögðum á markaði,
  4. stefnumiðaða greiningu, sbr. hluta 5.4 – 5.11, og umfang þeirra fjármögnunar- og lausafjáraðgerða sem grípa þarf til til að viðhalda eða endurreisa rekstrarhæfi og fjárhagsstöðu lánastofnunarinnar eða verðbréfafyrirtækisins,
  5. mat á tímaramma fyrir framkvæmd á sérhverjum efnislegum þætti áætlunarinnar,
  6. lýsingu á verulegum hindrunum á árangursríkri og tímanlegri framkvæmd áætlunarinnar, þ.m.t. tillit til áhrifa á aðra í samstæðunni, viðskiptavini og mótaðila,
  7. tilgreiningu á nauðsynlegrí starfsemi (e. critical functions)<sup>3</sup>, lýsingu á verklagi við ákvörðun á virði og markaðshæfi kjarnastarfsemi og eigna lánastofnunarinnar eða verðbréfafyrirtækisins,

---

<sup>3</sup> Í þessum tilmælum er notast við íslenska hugtakið *nauðsynleg starfsemi* til að þýða hugtakið „critical functions“ samkvæmt tilskipun 2014/59/ESB um endurreisin og skilameðferð fjármálafyrirtækja (BRRD). Þessi hugtakanotkun samræmist þeirri þýðingu sem notast er við í frumvarpi til laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, sbr. þskj. 426 á 150. löggjafarþingi 2019-2020. Með þessari hugtakanotkun er hins vegar vikið frá þeirri þýðingu sem notast er við vegna sama hugtaks (þ.e. „critical functions“) í reglugerð um endurbótaáætlanir lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og samstæður þeirra, nr. 50/2019.

8. upplýsingar um stjórnarhætti, sbr. hluta 5.3, og lýsingu á því hvernig gerð endurbótaáætlunarinnar er samþætt í stjórnarhætti lánastofnunarinnar eða verðbréfafyrirtækisins auk stefnu og málsmeðferðar fyrir samþykki endurbótaáætlunarinnar og tilgreiningu á þeim aðilum sem bera ábyrgð á gerð og framkvæmd áætlunarinnar,
9. ráðstafanir til að varðveita eða endurreisa eiginfjárgrunn lánastofnunarinnar eða verðbréfafyrirtækisins,
10. ráðstafanir til að tryggja að lánastofnunin eða verðbréfafyrirtækið hafi nægilegan aðgang að neyðarfjármögnumunarleiðum, þ.m.t. mögulegum leiðum til að afla lausafjár, mati á tiltækum veðum, til að tryggja að lánastofnunin eða verðbréfafyrirtækið geti heldið áfram starfsemi sinni og staðið við skuldbindingar sínar þegar þær falla í gjalddaga,
11. ráðstafanir til að draga úr áhættu og skuldsetningu,
12. ráðstafanir til að endurskipuleggja skuldbindingar,
13. ráðstafanir til að endurskipuleggja viðskiptaeiningu,
14. ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að viðhalda stöðugum aðgangi að innviðum fjármálamaarkaða,
15. ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að viðhalda stöðugri virkni rekstrarferla lána-stofnunarinnar eða verðbréfafyrirtækisins, þ.m.t. innviðum og tölvuþjónustu,
16. undirbúningsfyrirkomulag til að auðvelda sölu eigna eða starfssviða innan viðeigandi tímaramma til að endurheimta trausta fjárhagsstöðu,
17. aðrar aðgerðir eða áætlanir til að endurheimta trausta fjárhagsstöðu og fyrirhuguð fjárhagsleg áhrif þeirra aðgerða eða áætlana,
18. undirbúningsráðstafanir sem lánastofnunin eða verðbréfafyrirtækið hefur gripið til eða fyrirhugar að grípa til svo auðveldara verði að koma endurbótaáætlun í framkvæmd, sbr. hluta 5.12, þ.m.t. þær sem eru nauðsynlegar til að gera kleift að endurfjármagna lánastofnunina eða verðbréfafyrirtækið með tímanlegum hætti, og
19. ramma yfir vísa sem gefa til kynna á hvaða stigi grípa megi til aðgerða sem um getur í áætluninni.

## 5.2 Samantekt á lykilþáttum endurbótaáætlunarinnar.

9. Samantekt á lykilþáttum endurbótaáætlunarinnar skal ná yfir eftirfarandi:
  1. Upplýsingar um stjórnarhætti í endurbótaáætluninni,
  2. verulegar breytingar á lánastofnuninni, verðbréfafyrirtækinu, samstæðunni eða endurbótaáætluninni frá því að fyrri útgáfa af endurbótaáætluninni var lögð fram til Fjármálaeftirlitsins,
  3. áætlun um samskipti og upplýsingagjöf í endurbótaáætluninni, og
  4. undirbúningsráðstafanirnar sem koma fram í endurbótaáætluninni.
10. Með verulegum breytingum er átt við breytingar sem gætu haft áhrif á getu lánastofnunarinnar, verðbréfafyrirtækisins eða eignarhaldsfélagsins eða eins eða fleiri dótturfélaga þess til að framkvæma endurbótaáætlunina eða framkvæma einn eða fleiri endurbótavalkostí í endurbótaáætluninni.

### *5.3 Stjórnarhættir.*

11. Í upplýsingum um stjórnarhætti skal a.m.k. koma fram lýsing á eftirfarandi atriðum:

1. Skilyrðum og verklagi sem eru nauðsynleg til tryggja tímanlega framkvæmd á endurbótavalkostum, þ.m.t. eftirfarandi lýsingar:
  - i. lýsing á stigmögnun í aðgerða- og ákvarðanatökufeli sem á við þegar vísar gefa til kynna að aðgerða sé þörf til að athuga og ákvarða hvaða endurbótavalkostum gæti þurft að beita til að bregðast við aðstæðum þegar fjárhagserfiðleikar hafa komið upp, þ.m.t. að minnsta kosti:
    1. hlutverk og starfssvið aðila sem taka þátt í þessu ferli, þ.m.t. lýsing á ábyrgð þeirra eða, ef nefnd er hluti af þessu ferli, hlutverk, ábyrgð og starfssvið nefndarmanna,
    2. verklagsreglur sem þarf að fylgja,
    3. tímamörk fyrir ákvörðunina um hvort grípa eigi til endurbótavalkosta og hvenær og hvernig viðeigandi lögbærum yfirvöldum verður tilkynnt um að vísar gefi til kynna að aðgerða sé þörf,
  - ii. lýsing á vísum<sup>4</sup> sem endurspeglar mögulega veikleika eða óognir við a.m.k., eiginfjárstöðu, lausafjárstöðu, arðsemi og áhættusnið einingarinnar eða eininganna sem falla undir endurbótaáætlunina<sup>5</sup>.

### *5.4 Stefnumiðuð greining.*

12. Í stefnumiðaðri greiningu skal fjallað almennt um stefnu fyrirtækisins og viðskiptalíkan,

---

<sup>4</sup> Við val á vísum skulu lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki sem skila einföldum endurbótaáætlunum velja eftirfarandi vísa sem taldir eru upp í viðauka II við viðmiðunarreglur EBA um vísa í endurbótaáætlunum (EBA/GL/2015/02):

1. Eiginfjárvísar:
  - a. Hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 (e. Common equity tier 1 ratio).
  - b. Eiginfjárlutfall (e. Total capital ratio).
  - c. Vogunarhlutfall (e. Leverage ratio).
2. Lausafjárvísar:
  - a. Lausafjárlutfall (e. Liquidity ratio).
  - b. Fjármögnumarhlutfall (e. Net stable funding ratio).
  - c. Kjör á millibankamarkaði (e. Cost of wholesale funding).
3. Afkomuvísar:
  - a. Einn vísis að eigin vali úr floknum „profitability indicators“ í viðauka II og III við fyrrgreindar viðmiðunarreglur EBA.
4. Vísar um gæði eignasafns:
  - a. Einn vísis að eigin vali úr floknum „asset quality indicators“ í viðauka II og III við fyrrnefndar viðmiðunarreglur EBA.

<sup>5</sup> Viðmiðunarreglur EBA um vísa í endurbótaáætlunum (EBA/GL/2015/02) eru aðgengilegar hér: [https://eba.europa.eu/sites/default/documents/files/documents/10180/1147256/485181d4-f8f1-4604-9a78-17a12164e793/EBA-GL-2015-02\\_EN%20Guidelines%20on%20recovery%20plan%20indicators.pdf](https://eba.europa.eu/sites/default/documents/files/documents/10180/1147256/485181d4-f8f1-4604-9a78-17a12164e793/EBA-GL-2015-02_EN%20Guidelines%20on%20recovery%20plan%20indicators.pdf).

kjarnastarfsemi og nauðsynlega starfsemi, rekstrarform, skipulag og dóttur- og hlutdeildarfélög ef um þau er að ræða. Jafnframt skal setja fram lykilþætti í að viðhalda kjarnastarfsemi og nauðsynlegri starfsemi þegar fjárhagserfiðleikar eru fyrir hendi.

13. Í stefnumiðaðri greiningu skulu a.m.k. eftirfarandi undirþættir koma fram:

1. Lýsing á einingunni eða einingunum sem falla undir endurbótaáætlunina, eins og sett er fram í hluta 5.5, og
2. lýsing á endurbótavalkostum, eins og sett er fram í hlutum 5.6 – 5.10.

#### *5.5 Lýsing á einingum sem falla undir endurbótaáætlunina.*

14. Undirþáttur stefnumiðaðrar greiningar sem lýsir einingunni eða einingunum sem falla undir endurbótaáætlunina skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

1. Almenna lýsingu á einingunni eða einingunum sem falla undir endurbótaáætlunina, þ.m.t.:
  - a. lýsingu á heildarstefnu og heildaráhættustefnu þeirra, og
  - b. viðskiptalíkan og viðskiptaáætlun þeirra, þ.m.t. skrá yfir helstu lögsagnarumdæmin þar sem þær eru virkar,
2. lýsingu á lagalegu og fjárhagslegu stjórnskipulagi einingarinnar eða eininganna sem falla undir áætlunina, þ.m.t. skýringum á innbyrðis tengslum innan samstæðu, einkum lýsingu á eftirfarandi:
  - a. öllum fyrilliggjandi, verulegum áhættuskuldbindingum innan samstæðu og fjármögnunartengslum, fjármagnsstreymi innan einingarinnar eða eininganna sem falla undir endurbótaáætlunina, ábyrgðum innan samstæðu sem eru fyrir hendi og ábyrgðum innan samstæðu sem ætlað er að verði fyrir hendi þegar þörf er á endurbótaaðgerð,
  - b. innbyrðis lagalegum tengslum sem skal ná yfir mikilvæga lagalega bindandi samninga milli eininga í samstæðu, þ.m.t. til dæmis tilvist samninga um ráðandi áhrif og samninga um yfirlærislu hagnaðar og taps,
  - c. innbyrðis rekstrartengsl sem varðar starfsemi sem er miðlæg hjá einum lögaðila eða útibúi og er mikilvæg fyrir starfsemi annarra lögaðila, útibúa eða samstæðunnar, einkum miðlæga starfsemi á sviði upplýsingataækni, fjárværingar, áhættustýringar eða við almenna stjórnun, og
  - d. öllum gildandi samningum um fjárstuðning innan samstæðu sem gengið er frá í samræmi við 109. gr. a laga um fjármálfyrirtæki, nr. 161/2002, þ.m.t. samningsaðilum, formi fjárstuðnings og skilyrðum sem tengd eru ákvæðum fjárstuðningsins,
3. lýsingu á tengslum við ytri aðila sem felur a.m.k. í sér:
  - a. mikilvægar áhættuskuldbindingar og skuldbindingar við helstu mótaðila, og
  - b. mikilvæga þjónustu sem þriðju aðilar veita einingunni eða einingunum sem falla undir endurbótaáætlunina.

## *5.6 Endurbótavalkostir.*

15. Undirþátturinn um endurbótavalkosti skal innihalda skrá yfir alla endurbótavalkosti og lýsingu á hverjum valkosti, eins og kemur fram í hlutum 5.7 – 5.10.
16. Í undirþættinum um endurbótavalkosti skulu koma fram ýmsir endurbótavalkostir sem ætlað er að mæta sviðsmynd til að kanna viðnámsþrótt.<sup>6</sup>
17. Lýsa skal hverjum endurbótavalkosti þannig að Fjármálaeftirlitið geti metið áhrif hans og raunhæfni.
18. Í endurbótavalkostum skulu felast ráðstafanir sem eru óvenjulegar í eðli sínu og einnig ráðstafanir sem mætti grípa til í hefðbundnum viðskiptum einingarinnar eða eininganna sem endurbótaáætlunin tekur til.
19. Ekki skal útiloka endurbótavalkosti af þeirri ástæðu einni að þeir myndu útheimta breytingar á núverandi eðli viðskipta þeirrar einingar eða þeirra eininga.

## *5.7 Aðgerðir, fyrirkomulag og ráðstafanir endurbótavalkosta.*

20. Í hverjum endurbótavalkosti skal a.m.k. eftirfarandi tilgreint:

1. Umfang þeirra fjármögnunar- og lausafjáraðgerða sem grípa þarf til í því skyni að viðhalda eða endurreisa rekstrarhæfi og fjárhagsstöðu einingarinnar eða eininganna sem falla undir endurbótaáætlunina og hafa það helsta markmið að tryggja rekstrarhæfi nauðsynlegrar starfsemi og kjarnastarfsemi,
2. fyrirkomulag og ráðstafanir sem hafa það helsta markmið að vernda eða endurreisa eiginfjárgrunn lánastofnunarinnar, verðbréfafyrirtækisins eða samstæðunnar með ytri endurfjármögnum og innri ráðstöfunum til að bæta eiginfjárstöðu einingarinnar eða eininganna sem endurbótaráætlunin tekur til,
3. fyrirkomulag og ráðstafanir til að tryggja að einingen eða einingarnar sem endurbótaáætlunin tekur til hafi fullnægjandi aðgang að neyðarfjármögnumnarleiðum til að tryggja að þær geti haldið áfram starfsemi sinni og staðið við skuldbindingar sínar þegar þær koma til greiðslu; að því er varðar þessa málsgrein skulu ráðstafanirnar fela í sér ytri ráðstafanir og, eftir því sem við á, ráðstafanir sem miða að því að endurskipuleggja tiltækt lausafé innan samstæðunnar; í neyðarfjármögnumnarleiðunum skulu felast mögulegar leiðir til að afla lausafjár, mat á tiltækum veðum og mat á því hvort mögulegt sé að yfirfæra lausafé þvert á einingar samstæðu og starfsemi,
4. fyrirkomulag og ráðstafanir til að draga úr áhættu og skuldsetningu eða til að endurskipuleggja starfsemi, þ.m.t., eftir því sem við á, greining á hugsanlegri sölu eigna, lögaðila eða starfsemi, og

---

<sup>6</sup> Sjá nánar í viðmiðunarreglum EBA um þær sviðsmyndir sem þarf að notast við við gerð endurbótaáætlana (EBA/GL/2014/06). Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar hér:  
<https://eba.europa.eu/sites/default/documents/files/documents/10180/760136/05cc62a3-661c-4eee-ad07-d051f3eeda07/EBA-GL-2014-06%20Guidelines%20on%20Recovery%20Plan%20Scenarios.pdf>.

5. fyrirkomulag og ráðstafanir sem hafa það helsta markmið að ná endurskipulagningu skuldbindinga, af frjálsum vilja, án þess að það valdi vanskilum, uppsögn, lækkun eða öðru svipuðu.
  
21. Þegar endurbótavalkostur felur ekki í sér aðgerðir, fyrirkomulag eða ráðstafanir sem fjallað er um í 20. tölul. skal skjalfesta með formlegum hætti í undirþætti um endurbótavalkosti að lánastofnunin, verðbréfafyrirtækið, eignarhaldsfélagið eða dótturfélagið, sem samdi og lagði fram áætlunina, hafi íhugað þessar aðgerðir, tilhögun eða ráðstafanir með fullnægjandi hætti.

#### *5.8 Mat á áhrifum.*

22. Í hverjum endurbótavalkosti skal felast mat á áhrifum, einkum lýsing á verklagi til að ákvarða verðgildi og markaðshæfi kjarnastarfsemi, annarrar starfsemi og eigna einingarinnar eða eininganna sem endurbótavalkosturinn snýr að og a.m.k. fjárhags- og rekstrarmat á áhrifum þar sem sett eru fram áætluð áhrif á gjaldfærni, lausafjárstöðu, fjármögnunarstöðu, arðsemi og rekstur einingarinnar eða eininganna sem falla undir endurbótaáætlunina; þegar við á skal matið tilgreina á skýran hátt mismunandi einingar samstæðunnar sem geta orðið fyrir áhrifum af Valkostinum eða tekið þátt í framkvæmd hans.

#### *5.9 Hagkvæmnismat.*

23. Í hverjum endurbótavalkosti skal felast hagkvæmnismat sem skal a.m.k. innihalda:
  1. mat á áhættu sem tengist endurbótavalkostinum, byggt á hvers kyns reynslu af því að framkvæma endurbótavalkostinn eða jafngildum ráðstöfunum,
  2. greiningu og lýsingu á þáttum sem eru verulegar hindranir við skilvirka og tímanlega framkvæmd áætlunarinnar og lýsingu á því hvort og hvernig hægt sé að komast yfir slíkar hindranir,
  3. greiningu, eftir atvikum, á hugsanlegum hindrunum skilvirkar framkvæmdar endurbótavalkostarins sem leiðir af skipulagi samstæðunnar eða ráðstafana innan samstæðu, þ.m.t. hvort fyrir hendi séu umtalsverðar aðgerðatengdar eða lagalegar hömlur á skjótri yfirfærslu eigin fjár eða endurgreiðslu skulda eða eigna innan samstæðunnar, og
  4. lausnir á hugsanlegum hindrunum sem tilgreindar eru í liðum 2 og 3 í þessu ákvæði.
24. Að því er varðar 23. tölul. skal veruleg hindrun teljast vera þættir sem gætu hugsanlega haft neikvæð áhrif á tímanlega framkvæmd endurbótavalkostarins, þ.m.t. einkum lagalega, rekstrarlega, viðskiptalega og fjárhagslega áhættu og orðsporsáhættu á borð við hættu á lækkun lánshæfismats.

#### *5.10 Samfella í starfsemi.*

25. Hver endurbótavalkostur skal innihalda mat á því hvernig tryggja eigi samfellu í starfsemi

við framkvæmd þess valkostar.

26. Í þessu mati skal felast greining á innri starfsemi (til dæmis upplýsingatæknikerfum, birgjum og mannaudi) og aðgengi einingarinnar eða eininganna sem falla undir endurbótaáætlunina að innviðum markaðar (til dæmis greiðslujöfnunar- og uppgjörsaðstöðu og greiðslukerfi). Einkum skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar við mat á áframhaldandi rekstrarhæfi:

1. Fyrirkomulag og ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að viðhalda samfelldu aðgengi að viðeigandi innviðum fjármálamarkaða,
2. fyrirkomulag og ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að viðhalda samfelli í rekstri einingarinnar eða eininganna sem falla undir endurbótaáætlunina, þ.m.t. innviðir og upplýsingatæknipjónusta,
3. áætlaðan tímaramma fyrir framkvæmd og skilvirkni endurbótavalkostarins, og
4. skilvirkni endurbótavalkostarins og hversu fullnægjandi vísarnir eru við sviðsmynd til að kanna viðnámsþrótt.<sup>7</sup>

27. Matið skal tilgreina þann endurbótavalkost sem gæti verið viðeigandi, möguleg áhrif endurbótavalkostarins, raunhæfi hans, þ.m.t. mögulegar hindranir á framkvæmd hans, og tímarammann sem þörf er á við framkvæmd hans. Á grundvelli þessara upplýsinga skal matið lýsa getu til endurbóta einingarinnar eða eininganna, sem falla undir endurbótaáætlunina, í heild sinni, þ.e. að hvaða marki endurbótavalkostirnir gera eininguð eða eininguðum kleift að endurheimta rekstrarhæfi.

### *5.11 Áætlun um samskipti og upplýsingagjöf.*

28. Áætlun um samskipti og upplýsingagjöf skal innihalda umfjöllun um eftirfarandi atriði:

1. Innri samskipti, einkum við starfsfólk, hagsmunanefndir eða aðra fulltrúa starfsfólks,
2. ytri samskipti, einkum við hluthafa og aðra fjárfesta, lögbær yfirvöld, mótaðila, fjármálamarkaði, innviði fjármálamarkaða, innstæðueigendur og almenning, eins og við á, og
3. raunhæfar tillögur til að stýra mögulegum neikvæðum viðbrögðum á fjármálamarkaði.

### *5.12 Undirbúningsráðstafanir.*

29. Endurbótaáætlun skal innihalda greiningu á undirbúningsráðstöfunum sem einingin eða einingarnar sem falla undir hana hafa gripið til eða sem eru nauðsynlegar til að greiða fyrir framkvæmd endurbótaáætlunarinnar eða bæta skilvirkni hennar ásamt tímálínu fyrir framkvæmd þessara ráðstafana.

30. Í slíkum undirbúningsráðstöfunum skulu felast nauðsynlegar ráðstafanir til að komast yfir

<sup>7</sup> Sjá nánar í viðmiðunarreglum EBA um þær sviðsmyndir sem þarf að notast við við gerð endurbótaáætlana (EBA/GL/2014/06). Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar hér:  
<https://eba.europa.eu/sites/default/documents/files/documents/10180/760136/05cc62a3-661c-4eee-ad07-d051f3eeda07/EBA-GL-2014-06%20Guidelines%20on%20Recovery%20Plan%20Scenarios.pdf>.

hindranir við skilvirka framkvæmd endurbótavalkosta sem hafa verið skilgreindir í endurbótaáætluninni.

## **6. Skil á einföldum endurbótaáætlunum**

31. Lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum sem heimilt er að skila einföldum endurbótaáætlunum í samræmi við 5. tölul. þessara tilmæla, ber að skila þeim til Fjármálaeftirlitsins í fyrsta sinn þann 1. október 2020.